

Hvernig á að vista grein af Google Scholar þegar maður lendir beint á PDF skjalið og fær ekki upp vistunarhnapp?

Stundum þegar maður er að leita af greinum í Google Scholar þá fær maður upp niðurstöðu með [PDF] fyrir fram og þegar smellt er á tengilinn þá opnast PDF skjalið beint inn í Firefox og ekkert vistunar tákn kemur upp.


Þarna er Google að reyna að spara manni sporið og sendir mann beint á greinina sjálfa og sleppir skráningarsíðunni sem Zotero notar til að grípa upplýsingarnar um greinina.

Þegar svona gerist þá er hægt að fara smá krókaleið til að ná í upplýsingarnar:


1. Þetta er dæmi um tengil sem vísar beint á PDF skjalið. Hægt er að þekkja þær tegundir tengla þar sem [PDF] kemur fyrir framan tengilinn.




2. Þegar smellt er á tengilinn þá opnast PDF skjalið inn í vafranum og ekkert vistunar tákn kemur.



3. Þegar þangað er komið skaltu bakka aftur á Google niðurstöðusíðuna og smella á Zotero möpputákn í URL línunni.



4. Þá opnast lítill gluggi með lista yfir þær tíu heimildir á þessari síðu. Hakaðu við heimildina sem þú ætlar að vista inn í Zotero og smelltu á OK.



5. Þá ætti heimildin að vistast rétt inn í Zotero. Ávalt skaltu fara yfir upplýsingarnar og athuga hvort allt sé rétt og hvort það vanti nokkuð einhver atriði. **Athugaðu að þessi aðferð virkar ekki alltaf.** En um að gera að reyna. Ef þetta virkar ekki þá þarf að nota þessar leiðbeiningar við að vista PDF skjalið inn í Zotero: http://www.ru.is/media/skjol---bokasafn/vista_vefsidur_og_pdf_skjol_i_zotero.pdf

